

## RITSTJÓRN

## HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Allt frá útgáfu fyrstu Gáttar hefur verið fjallað um merkingu íðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Ekki verður hvikað frá þeirri hefð í þessu riti og fjallað um nokkur hugtök sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA. Sem fyrr teljum við sem störfum við FA þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Markmiðið með þessum fasta lið er að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra íðorða sem notuð eru um hugtökin.

Í þessari tölftu útgáfu af Gátt tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðasta riti. Eins og áður eru sett fram ensk

íðorð og tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum.

Nú eru ekki öll íðorðin af CEDEFOP-listanum sem einkum er ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Í þessu riti höfum við ákveðið að fjalla um hugtök sem tengjast upplýsingatækni í námi og kennslu. Ritstjórn Gáttar er sér meðvituð um að allri hugtakaumfjöllun þarf að fylgja eftir með því að fá áhugasama einstaklinga til að tjá sig um skilgreiningarnar og gera í kjölfarið úrbætur. Því bjóðum við öllum þeim sem áhuga hafa á að senda okkur athugasemdir við skilgreiningarnar (sigrunkri (hjá) frae.is).

Íðorð á ensku	Íslensk þýðing	Merking / skilgreining
e. massive open online courses, (MOOC)	opin vefnámskeið	Opin námskeið þar sem námsumhverfið er á Netinu og mikill fjöldi fólks getur tekið þátt.
e. flipped classroom	vendikennsla / spegluð kennsla	Með vendikennslu/speglaðri kennslu er átt við kennslu þar sem fyrirlestrar og kynningar kennara eru vistuð á netinu. Nemendur geta horft og hlustað á kynningarnar eins oft og þeim sýnist og hvar sem þeim sýnist. Í kennslustofunni geta nemendur og kennarar rætt ítarlega um efnið.
e. digital divide / digital gap	stafræn gjá	Sú aðgreining sem er milli þess fólks sem getur nálgast og notað upplýsinga- og samskiptatækni á árangursríkan hátt og þess sem getur það ekki.
e. learning community	námssamfélag	Samfélag sem eflir námsmenningu með því að þróa á hverjum stað skilvirkt samstarf milli allra geira samfélagsins og styrkir jafnframt og örvar einstaklinga og samtök til náms.
e. e-learning	tölvustutt nám	Nám þar sem stuðst er við upplýsinga- og samskiptatækni. Tölvustutt nám takmarkast ekki við „tölvulæsi“ (að afla sér leikni í upplýsinga- og samskiptatækni). Það getur verið með margs konar móti og blönduðum aðferðum beitt: notaður hugbúnaður, netið, geisla-diskar, beinlínutengt nám eða hvers konar aðrir rafrænir eða gagnvirkir miðlar. Tölvustutt nám er hægt að nota bæði í fjarnámi en einnig sem þátt í staðarnámi.
e. communities of practice	starfssamfélög	Hópur aðila sem kjósa að deila þekkingu um þátt, eða þætti, tengda sameiginlegu verk-sviði eða áhugamáli.
e. OER open educational resources	opið menntaefni (OME)	Opið menntaefni er efni með frjálsum og opnum höfundarleyfum sem hægt er að nota í kennslu, nám, rannsóknir og fleira.